

Umhverfisstefna

Umhverfisstefna og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Þjóðskjalasafns. Stefnan á við um alla starfsemi Þjóðskjalasafns og undir hana falla vinnuumhverfi, innkaup, notkun auðlinda og meðferð efna og úrgangs. Þjóðskjalasafn mun tryggja að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi þess sé fylgt og vinnur stöðugt að umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar.

Framkvæmdastjórn er ábyrg fyrir framkvæmd stefnunnar. Allt starfsfólk fylgir henni eftir og hefur að leiðarljósi í sínum störfum. Stefna í umhverfismálum er endurskoðuð reglulega.

Helstu markmið:

- Þjóðskjalasafn fylgir Grænum skrefum í ríkisrekstri, www.graenskref.is
- Innkaup stofnunarinnar verði byggð á stefnu ríkisins um vistvæn innkaup. Umhverfismerktar vörur og þjónusta verði valin umfram aðrar.
- Endurnýtanlegur úrgangur verði flokkaður og skilað til endurnýtingar og spilliefnum fargað á viðeigandi hátt.
- Dregið úr pappírnotkun eins og hægt er.
- Á viðburðum og fundum er einungis boðið upp á margnota borðbúnað og ekki er boðið upp á vatn í einnota drykkjarumbúðum.
- Fræðsla til starfsfólks um umhverfismál og innra umhverfisstarf verði aukin. Starfsfólk verði hvatt til þess að tileinka sér vistvænan lífsstíl.
- Neikvæð umhverfisáhrif vegna notkunar á samgöngutækjum á vegum Þjóðskjalasafns verði lágmörkuð.
- Innleiða einfaldar og umhverfisvænar lausnir.

Framkvæmd umhverfisstefnu:

- Velja skal umhverfismerktar vörur í samræmi við stefnu um vistvæn innkaup og nota rammasamning Ríkiskaupa. Við innkaup skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafn sem gæða og kostnaðar. Ef vörur og þjónusta eru sambærilegar er valinn sá kostur sem síður telst skaðlegur umhverfinu.
- Auka endurvinnslu með skilum á flokkuðum útgangi og spilliefnum.
- Minnka úrgang, minni notkun á pappír og einota vörum.
- Við rekstur og viðhald bygginga og lóða skal leitast við að velja vistvæna kosti hverju sinni, svo sem málningarvörur og ljósaperur.
- Regluleg fræðsla til starfsfólks um umhverfismál.